# Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2025

## HKLI2GC03

| | | |
|---|---|---|
| **Kennari** | Ásdís Björk Pálmadóttir, asdis.palmadottir@fss.is |  |
| **Viðtalstími** | Mánudaga kl 10.25 – 11.05 í síma 861 - 4707 | |
| **Námsefni** | Pivot Point LAB, kennslubókin Scupture, kennsludiskar, ljósrit, verklýsingarblöð og fleira | |
| **Áfangalýsing** | Nemandinn fær þjálfun í að blanda saman mismunandi formum við klippingu á dömu og herra æfingahöfðum og á módelum.<br>Þekking og beiting mismunandi aðferða við þynningu er aukin, einnig notkun klippivéla.<br>Nemandinn lærir að greina klippingar út frá myndum og gera verklýsingar fyrir þær.<br>Í áfanganum er lögð rík áhersla á gerð og nýtingu verklýsinga við klippingar. | |
| **Námsmat og vægi námsmatsþátta** | Í verknámi er mikilvægt að mæta í alla tíma<br>Mæti nemandi ekki í áætlaðan námsmat- og prófatíma fær hann einkunnina 0 í því mati/prófi sem ekki er mætt í hvort sem er vegna veikinda eða annarra fjarvista nemendur útvega sjálfir módel annars er einkunnin 0.<br>**Símatsáfangi** ☒ **Lokapróf** ☐ **Sleppikerfi** ☐ | |

| | Heiti | Vægi |
|---|---|---|
| Klippimat 1 | Dömuklipping á æfingahöfði | 10% |
| Klippimat 2 | Snögg herraklipping á æfingahöfði | 20% |
| Klippimat 3 | Dömuklipping 3 form | 30% |
| Verkefnaskil 1 | Skil á verklýsingamöppu 5 módel 5% fyrir hvert | 25% |
| Verkefnaskil 2 | Skil á verkþáttum annarinnar | 15% |
| | **Samtals:** | **100%** |

| | |
|---|---|
| **Reglur áfanga** | Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara.<br>Þetta er símatsáfangi sem kenndur er í flæði með HLIT2GC01 |

| | |
|---|---|
| **Annað sem kennari vill láta koma fram** | Verkfæri sem nemendur þurfa ávallt að hafa í tímum: Skæri, greiður, klifs, burstar, slá og úðabrúsi.<br>Nemendur sjá sjálfir um að útvega módel þegar við á. |

| **Þekking** | **Leikni** |
|---|---|
| Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:<br>• flestum hugtökum sem tengjast klippingum.<br>• formi klippinga út frá myndum | Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:<br>• klippa snöggt með vél og skærum.<br>• þynna hár með hníf og þynningarskærum.<br>• klippa formklippingu á æfingahöfði og módeli samkvæmt kennslukerfi.<br>• klippa dömu- og herraklippingar samkvæmt eigin verklýsingu á æfingahöfði og módeli<br>• geta þynnt niður í hnakka með vél og ólíkum kömbum.<br>• geta séð fyrir sér lokaútkomu á klippingu með tilliti til andlitsfalls og hárgerðar |

| **Hæfni** |
|---|
| Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:<br>• klippa eftir fyrirmynd.<br>• sjá út form klippinga eftir myndum.<br>• gera verklýsingu fyrir klippingu sem aðrir geta farið eftir. |

*Þar sem áfanginn er kenndur í flæði við aðra áfanga er hægt að sjá ýtarlega yfirferð námsefnis undir áfanganum* **HÁRG2GC03**

*Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf*

*Ásdís Björk Pálmadóttir*